

3

1. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

7. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra skipar 3 yfirkjötmatsmenn til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er meta skal samkvæmt 6. gr. Skulu þeir hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu, sem lýtur að meðferð þess.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra. Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir geta haft hagnað af.

Yfirkjötmatsmenn hafa að árslaunum 600 krónur. Einnig skulu þeir hafa ferðakostnað eftir sanngjörnum reikningi, er ráðuneytið úrskurðar, og 4 krónur fyrir fæði og húsnæði fyrir dag hvern, sem þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem leiðir af yfirmatinu, greiðist úr rikissjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.